

# Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2022-2026

14. fundur 23. apríl 2024, kl. 10.30, haldinn á Hótel KEA

## Mættir nefndarmenn:

Grýtubakkahreppur: Próstur Friðfinnsson  
Svalbarðsstrandarhreppur: Gestur Jensson  
Eyjafjarðarsveit: Hermann Ingi Gunnarsson  
Akureyri: Halla Björk Reynisdóttir  
Hörgársveit: Jón Þór Benediktsson  
Fjallabyggð: Ármann V. Sigurðsson

## Aðrir mættir:

Vigfús Björnsson skipulagsfulltrúar Eyjafjarðar (Grýt, Svalb, Esveit og Hörg)  
Pétur Ingi Haraldsson, Akureyri  
Elva Gunnlaugsdóttir, ritaði fundargerð

Próstur Friðfinnsson setti fundinn klukkan 10.30 og bauð fundarmenn velkomna.

## Dagskrá:

**1. Ytri-Varðgjá íbúðarsvæði, Eyjafjarðarsveit, [623/2023](#), nýtt deiliskipulag, tillaga á vinnslustigi.**

Vigfús lagði tillöguna fram til kynningar.

**2. Sunnuhlíð frístundabyggð, Svalbarðsstrandarhreppur, [702/2023](#), breyting á aðalskipulagi, tillaga í auglýsingu.**

Vigfús kynnti tillöguna.

Nefndin bókar: Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

**3. Verslunar og þjónustusvæði við Akurbakkaveg, Grýtubakkahreppur, [643/2023](#), breyting á aðalskipulagi, tillaga í auglýsingu.**

Vigfús kynnti tillöguna.

Nefndin bókar: Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

**4. Ferðaþjónustusvæði við Akurbakkaveg, Grýtubakkahreppur, [75/2024](#), nýtt deiliskipulag, tillaga í auglýsingu.**

Deiliskipulag lagt fram til kynningar.

Nefndin bókar: Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

**5. Rammahluti aðalskipulags – þróun byggðar í Vaðlaheiði, Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppur, [1066/2023](#) og [1082/2023](#), tillaga á vinnslustigi.**

Vigfús kynnti rammaskipulagið sem nær utan um núverandi stöðu og framtíðar uppbyggingu á nýjum svæðum.

Nefndin bókar: Nefndin fagnar samstarfi sveitarfélaga um gerð rammaskipulags um byggð í Vaðlaheiði og vísar jafnframt í kafla 3.2. í greinargerð svæðisskipulags Eyjafjarðar varðandi byggðapróun og byggðamynstur.

Einnig var rætt um þróun byggðar og áskoranir varðandi til dæmis rekstur fráveitu og gatna í framtíðinni.

**6. Endurskoðun aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps, [123/2024](#), skipulagslýsing.**

Vigfús kynnti endurskoðun aðalskipulags.

Nefndin bókar: Nefndin gerir ekki athugasemd við lýsinguna.

**7. Glæsibær, 3. áfangi íbúðarbyggðar, Hörgársveit, [158/1024](#), breyting á aðalskipulagi, tillaga á vinnslustigi.**

Vigfús kynnti, vinnslutillöguna. Íbúabyggð í dreifbýli 3 áfangi. 14 nýjar lóðir, hér eru minni lóðir og gert er ráð fyrir raðhúsum ólíkt fyrri áföngum.

Nefndin bókar: Nefndin hefur á fyrri stigum vísað til ákvæða svæðisskipulags um byggðaþróun og þéttbýlismyndum sbr. kafla 3.2. í greinagerð svæðisskipulags. Nefndin telur fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulags reyna verulega á þanþol túlkunar á svæðisskipulagi og hvetur til ítarlegrar umræðu við vinnslu málsins.

**8. Glæsibær, 3. áfangi íbúðarbyggðar, Hörgársveit, [159/2024](#), nýtt deiliskipulag, tillaga á vinnslustigi.**

Lagt fram til kynningar

**9. Lónsbakkahverfi, hringtorg og land Lónsár og Berghóls, Hörgársveit, [261/2024](#), breyting á aðalskipulagi, tillaga á vinnslustigi.**

Vigfús kynnti tillöguna,

Nefndin bókar: nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

**10. Lónsbakkahverfi, hringtorg og land Lónsár og Berghóls, Hörgársveit, [262/2024](#), breyting á deiliskipulagi, tillaga á vinnslustigi.**

Lagt fram til kynningar

**11. Lónsbakkahverfi, hringtorg á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar, Hörgársveit, [323/2024](#), breyting á deiliskipulagi, tillaga í auglýsingu.**

Lagt fram til kynningar

**12. Breyting vegna Blöndulínu 3, Akureyri, [383/2024](#), breyting á aðalskipulagi, skipulagslýsing.**

Pétur kynnti lýsinguna, það er verið að breyta legu Blöndulínu 3. Ekki er verið að taka afstöðu til línu eða jarðstrengs.

Nefndin bókar: Nefndin gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

**13. Austursíða – AT7, Akureyri, [403/2024](#), breyting á aðalskipulagi, skipulagslýsing.**

Pétur kynnti lýsinguna, þétting byggðar.

Nefndin bókar: nefndin gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

**14. Naust, Akureyri, [47/2024](#), breyting á aðalskipulagi, skipulagslýsing.**

Pétur kynnti lýsinguna, þarna er verið að færa leikskólalóð.

Nefndin bókar: nefndin gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

**15. Fjallaskilasamþykkt Eyjafjarðar, erindi frá Eyjafjarðarsveit.**

Hermann kynnti málið.

Nefndin bókar: Nefndin óskar samþykkis sveitarfélaga í Eyjafirðir fyrir því að endurskoða fjallaskilasamþykktir Eyjafjarðar á vettvangi nefndarinnar.

**16. Endurskoðun svæðisskipulags, framhald umræðu.**

Góðar umræður í nefndinni og mörg sjónarmið rædd. Skoða möguleika á sameiginlegri skipulagsskrifstofu þó margar skipulagsnefndir væru starfræktar.

Umræðu vísað inn í sveitarstjórnir

Fundi slitið kl. 13.00